

FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 23. nóvember, var haldinn 37. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi - fjarfundur og hófst kl. 15.02. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Egill Þór Jónsson, Tui Hirv, Nichole Leigh Mosty og Renata Emilsson Peskova. Einnig sat fundinn Anna Kristinsdóttir með fjarfundarbúnaði. Joanna Marcinkowska ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 6. nóvember 2020, um samþykkt borgarráðs á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar. R18060129.
2. Fram fer kynning á stöðu flóttafólks í Reykjavík.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð þakkar fyrir fróðlega kynningu um stöðu flóttafólks í Reykjavík og gífurlega metnaðarfullt starf í þessum málaflokki hjá Velferðarsviði. Þar starfa nú 15 félagsráðgjafar sem sinna þeim hópi sem fengið hafa alþjóðlega vernd án þess að sérstakur stuðningur komi frá ríkinu. Ráðið styður viðræður Reykjavíkurborgar við Félagsmálaráðuneytið vegna þátttöku í reynsluverkefni um móttöku, aðstoð og þjónustu við fólk sem hlotið hefur alþjóðlega vernd á Íslandi. Ráðið telur að sérstaklega þurfi að huga að börnum í þessum hópi. Ráðið hefur einnig áhuga á að taka virkan þátt í mótun velferðastefnunnar sem nú er yfirstandandi.

Regína Ásvaldsdóttir, Edda Ólafsdóttir og Sigprúður Erla Arnardóttir frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

3. Fram fer kynning á tilraunaverkefni Frístundir í Breiðholti.
Óskar Dýrmundur Ólafsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.
- Kl. 16:10 víkur Egill Þór Jónsson af fundi.
4. Fram fer kynning á samantekt Reykjavíkurborgar um innflytjendur og Covid19.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð fagnar því að þessi samantekt liggi fyrir um aðgerðir tengdar Covid19. Skjalið inniheldur helstu breytingar í þjónustuveitingu sem og hvernig þjónusta var aðlöguð miðað við þarfir innflytjenda í borginni. Ráðið þakkar þeim sérfræðingahópi innflytjenda sem starfa hjá Reykjavíkurborg og enginn vafi er um það að þeirra framlag lyfti grettistaki í þeirri áskorun að ná til þessara hópa.

5. Lögð fram bréf umhverfis og – skipulagssvið með beiðni um umsögn breytingum á aðalskipulaginu, einkum varðandi stefnu um íbúðarbyggingu til ársins 2040.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmenningarráðs felur formanni ráðsins og Mannréttinda og Lýðræðisskrifstofu að útbúa umsögn um breytingum á aðalskipulaginu, einkum varðandi stefnu um íbúðarbyggð til ársins 2040 í samræmi við umræðu á fundinum.

6. Lögð fram umsögn fjölmenningarráðs um tillögu til þingsályktunar um aukin atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.05

Sabine Leskopf

Egill Þór Jónsson
Tui Hirv

Renata Emilsson Peskova
Nichole Leigh Mosty